

103
8. júlí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess að gefa nú þegar út viðauka við lög nr. 67 1947, um eignakönnun.

Undanfarið hafa verið mjög mikil brögð að því, að horfið hafi úr umferð einnar og tveggja krónu peningar og einnar krónu seðlar. Benda sterkar líkur til þess, að einstakir menn hafi tekið að safna þessari skiptimynt og ætli sér að geyma hana unz fram hefur farið eignakönnun sú, sem fyrirhuguð er, samkvæmt áðurgreindum lögum. En samkvæmt þeim lögum verður sú mynt eigi innkölluð og mundi því mögulegt að draga undan fé fólgið i henni.

Þykir því nauðsynlegt að setja ákvæði um það, að umrædd mynt verði innkölluð með sama hætti og seðlar Landsbankans, samkvæmt III. kafla laga um eignakönnun.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Auk þeirra peningaseðla, sem innkalla ber samkvæmt III. kafla laganna, skulu á sama tíma innkallaðir þeir einnar og tveggja krónu peningar og einnar krónu seðlar, sem í umferð eru á framtalsdegi, og fer um þá innköllun svo sem segir um innköllun peningaseðla Landsbanka Íslands í 21.—30. gr. laganna.

Nota má þó einnar og tveggja krónu peninga og einnar krónu seðla, sem innkalla ber, með sama hætti og ákveðið er um 5 kr. og 10 kr. seðla í 4. mgr. 21. gr.

Ríkissjóður gefur út nýja eins og tveggja krónu peninga og verða þeir látnir í skiptum fyrir þá, sem innkallaðir verða samkvæmt framanskráðu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 8. júlí 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann Þ. Jósefsson.